

Musumeci gegn Ítalíu

Dómur frá 11. janúar 2005

Mál nr. 33695/96

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Fangelsisreglur. Aðgangur að dómstólum. Lagaheimild fyrir takmörkun bréfaskipta.

1. Málsatvik

Kærandi, Carmelo Musumeci, er ítalskur ríkisborgari fæddur 1955. Hann var handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna gruns um að hann stjórnaði glæpasamtökum sem voru m.a. bendluð við eiturfjaskölu, fjárhættuspil og fjárhættuspil. Frá júlí 1992 var hann látinn sæta sérstökum fangelsisreglum sem settu honum ýmsar hömlur sem aðrir fangar þurftu ekki að sæta. Þessi sérstaka meðferð, sem upphaflega átti aðeins að standa í eitt ár, var framlengd níu sinnum með ákvörðunum sem kærandi mótmælti í hvert sinn. Eftir að hafa verið sakfelldur fyrir manndráp var kærandi látinn sæta ströngu eftirliti í afplánun. Dómstólar höfðu kröfum hans um að fá að afplána dóm sinn eftir venjulegum fangelsisreglum á þeim grundvelli að stjórnvöld ættu fullnaðarákvörðun um það hvort einstaklingur væri látinn sæta sérstöku eftirliti.

2. Málsmeðferð fyrir Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að réttur hans til aðgangs að dómstólum skv. 1. mgr. 6. gr. hefði verið brotin þar sem hann var látinn sæta sérstökum fangelsisreglum og eftirliti án þess að hafa nokkur úrræði til að fá þá ákvörðun endurskoðaða. Hann taldi einnig að 8. gr. hefði verið brotin þar sem bréfaskriftir hans höfðu sætt ritskoðun.

Niðurstaða

Um 6. gr.: Dómstóllinn leit til þess að kærandi hafði mótmælt því að hinum sérstöku fangelsisreglum væri beitt níu sinnum en engar af þeim ákvörðunum sem vörðuðu mótmæli hans voru teknar innan hins reglubundna 10 daga frests sem dómstóll hafði til að úrskurða um slík mótmæli. Það að tímamörkin hafi endurtekið og kerfisbundið verið virt að vettugi minnkaði, jafnvel gerði að engu, möguleika kæranda til að fá endurskoðun dóms á þessum ákvörðunum. Þess vegna taldi dómstóllinn að sá dómstóll sem bar ábyrgð á þessum ákvörðunum væri ekki raunhæft úrræði fyrir kæranda og að sú seinkun sem sífellt varð á úrlausnum um mótmæli kæranda hafi brotið gegn rétti hans til að fá ákvörðun endurskoðaða af dómstóli. Mannréttindadómstóllinn komst því einróma að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda skv. 1. mgr. 6. gr.

Hvað varðar sérstakt eftirlit með kæranda leit dómstóllinn til þeirrar niðurstöðu að stjórnvöld væru talin hafa fullnaðarákvörðun um það. Stjórnlagadómstóll Ítalíu hafði hins vegar komist að því að sum ákvæði fangelsisstjórnunarlaganna stæðust ekki stjórnarskrá þar sem þau veittu ekki neinn rétt til að fá ákvarðanir um réttindi fanganna endurskoðuð. Með hliðsjón af þessu varð það einróma niðurstaða dómstólsins að skorður við því að kærandi gæti fengið ákvörðunina um sérstakt eftirlit endurskoðaða bryti gegn réttindum hans skv. 1. mgr. 6. gr.

Um 8. gr.: Dómstóllinn taldi að 18. gr. þágildandi fangelsisstjórnunarlaga, sem heimilaði eftirlit með bréfaskriftum fanga, gæti ekki uppfyllt skilyrði 2. mgr. um að mælt væri fyrir um takmarkanir í lögum. Í lagaheimildinni væri heimild til takmörkunar á bréfaskiptum veitt með almennum hætti, án þess að skilyrði hennar væru rakin eða hversu lengi hún mætti standa. Var það því einróma dómstólsins að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda skv. 8. gr.

Þar sem kærandi hafði ekki krafist bóta taldi dómstóllinn ekki ástæðu til að beita 41. gr. (Dómurinn er aðeins til á frönsku)